



Úttekt

Málsnúmer: 2022010205

Búið til: 26.01.2022

Eigandi skjals: Berglind Ósk Þ Þórólfsdóttir

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	26.01.2022	Tími ferðar:	09:10 - 09:30
Fulltrúi HER:	Berglind Ósk Þ Þórólfsdóttir/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	Snæfríður Halldórsdóttir/BV/RVK
Tilfni skýrslu:	Úttekt		
Fyrirtækjaflokkur:	92.62.03 Íþróttamannvirki, íþróttahús og vellir		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	510397-2159
Heiti leyfishafa:	Laugardalsvöllur	Staður leyfishafa:	Laugardal
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Óreikningsfært
		Númer reiknings:	

Athugasemdir

Skýringar á hugtökum:

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis.

Athugasemdir:

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) hefur borist erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 21. janúar sl. fyrir umsógn um undanþágu frá ákvæðum 14. og 38. gr. reglugerða nr. 941/2002 um hollustuhætti, fyrir veitingu starfsleyfis fyrir grunnskólastarfsemi í húsnæði að Reykjaveg 15 (Laugardalsvelli). Undanþágubeiðni nær til, í fyrsta lagi beiðni um undanþágu frá ákvæði 14. gr. ofangreindrar reglugerðarinnar, að „Húsnæði, þ.m.t. starfsmannabústaðir, starfsmannabúðir og húsnæði stofnana og fyrirtækja, sem fjallað er um í reglugerð þessari, skulu hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun húsnæðisins.“ Í öðru lagi er sótt um undanþágu frá eftirfarandi ákvæðum 38. gr. ofangreindrar reglugerðar, að „Í skólum skal vera aðstaða til aðhlyningar nemenda vegna skyndiveikinda. Skal þar vera að lágmarki legubekkur, stóll og handlaug. Þar sem heilsugæsla er starfrækt í skólum, skal hún fullnægja kröfum sem gerðar eru til lækningastofa“, og „Handlaug skal vera í hverri kennslustofu“.

Þann 26. janúar sl. komu tveir fulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur í úttekt með húsnæði KSÍ Laugardalsvelli (Stúkan) að Reykjavegi 15 vegna tímabundinnar kennslu fyrir nemendur Laugalækjarskóla.

Rætt var við Björn Kristjánsson og gengið með honum um aðstöðuna. Aðstaðan var skoðuð með tilliti til hollustuhátta, hreinlætis og öryggis.

Húsnæðið hefur starfsleyfi heilbrigðisnefndar sem íþróttamiðstöð og hefur fengið reglubundið eftirlit sem slíkt. Um tímabundna breytingu á notkun húsnæðis er að ræða. Sótt var um tímabundið starfsleyfi þann 21. janúar sl. Kennsla hófst 20. janúar og á að standa til 1. mars 2022 fyrir rúmlega 90 nemendur í 9. bekk á 3. hæð hússins.

Sá hluti húsnæðisins sem nota á fyrir skólastarfsemi var skoðaður. Húsnæðið er ekki

ætlað fyrir rekstur grunnskóla og uppfyllir því ekki allar kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis hvað varðar aðstöðu og búnað.

Nemendur ganga inn á jarðhæð og fara upp tröppur á 3. hæð.
Búið að setja borða fyrir tröppur niður í kjallara. Á 3. hæð eru þrjú rúmgóð opin rými til kennslu ásamt aðstöðu fyrir kennara. Í báðum endum eru fullbúnar snyrtingar, 6 samtals.
Læst ræstigeymsla er við salerni.

Nemendur geyma útifatnað á gangi en engin eiginleg fatageymsla er til staðar. Nemendur fá drykkjarvatn úr drykkjarstandi (með vatnsdúnk). Þeir borða létt nesti í kennslurýminu en fara í hádegismat í Laugarlækjarskóla í hádeginu.

Gólfefni er steinateppi. KSÍ sér um ræstingu daglega. Engar athugasemdir við þrif við eftirlit.
Vélræn loftræsting er til staðar.
Að sögn er hljóðvist í opnu rýmnum góð.

Niðurstaða úttektarinnar er að það uppfyllir kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis í reglugerð 941/2002 um hollustuhætti fyrir utan 14. og 38. gr. reglugerðarinnar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir ekki athugasemd við að húsnæði sem var skoðað í stúkubygginu við Laugardalsvöll sé notað fyrir tímabundið skólahald nemenda frá Laugalækjarskóla.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:
Matvæli:
Mengunarvarnir:
Heildareinkunn:

